

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss vegna Raufarhólshellis.

Skipulagsstofnun staðfesti 28. nóvember 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 sem samþykkt var í bæjarstjórn 23. febrúar 2023.

Í breytingunni felst að skipulagsákvæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði AF1 í Raufarhólshelli, sem sett voru í eldra aðalskipulag með breytingu frá 2017 en féllu út við heildarendurskoðun aðalskipulagsins, eru sett inn í greinargerð á nýjan leik.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 28. nóvember 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 12. desember 2023